

inu. Það verður því að sýkna hina stefndu fyrir kær-
um og kröfum áfrýjandans og staðfesta bæjarþingsdóm-
inn einnig hvað málskostnað snertir. Í málskostnað
fyrir yfirdómi virðist hæfa, að áfrýjandi greiði stefndu
10 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur á að vera órask-
aður. Áfrýjandinn, cand. jur. Hannes Hafstein fyrir
hönd Alex. Mc. Glashan & Son, greiði stefndu, ekkju-
frú Jóhönnu Kr. Bjarnason, í málskostnað fyrir
yfirdómi 10 kr., er lúkist innnan 8 vikna frá lög-
birting dóms þessa, undir aðför að lögum.

Mánudaginn 14. aprílmán.

Nr. 6/1890.

Rjettvísín

gegn

Nikulási Guðmundssyni.

D ó m u r :

Með aukarjettardómi Húnavatnssýslu, 29. júlí f. á.,
var hinn ákærði, Nikulás Guðmundsson, húsmáður í
Skyttudal, dæmdur fyrir heimildarlausa töku og brúkun
á hryssu, sem annar maður átti, í 20 kr. sekt til lands-
sjóðs eða til vara 6 daga einfalt fangelsi samkvæmt
238. gr. hegningarlaga, sbr. 40. gr. þeirra. Svo skyldi
hann og greiða 10 kr. í skaðabætur til eiganda hryssunn-
ar og allan af málinu löglega leiddan og leiðandi kostnað,
þar á meðal 6 kr. í málsvarnarlaun til svaramanns síns í

hjeraði. Dómi þessum hefur eptir ósk hins ákærða verið skotið til yfirdómsins.

Það er með eigin játningu hins ákærða og öðrum skýrslum í málinu löglega sannað, að þegar hann í miðjum júnímán. 1888 var í ferð fótgangandi norður á Sauðárkrók, tók hann í heimleiðinni í högunum hjá Skollatungu í Sauðárhreppi, um eða eptir háttatíma, gráa hryssu, sem þar var og sem hann vissi ekki hver átti; reið hann hryssunni heim til sín að Skyttudal í Laxárdal og hafði hana þar í högunum 2 eða 3 daga, en brúkaði hana síðan í tveggja daga ferð; svo hjelt hann kyrru fyrir með hryssuna einn dag, en daginn eptir þurfti hann að finna hreppstjóran í Bólstaðarhlíðarhreppi og reið hryssunni þangað, en þar var þá eigandi hryssunnar kominn og þekkti hana og tók til sín. Ekki kom ákærði þó með hryssuna heim á bæinn til hreppstjórans, heldur fór hann svo að, eins og víðar, þar sem hann kom með hana, að hann skildi hana eptir nokkuð frá bænum og kom gangandi heim, en eiganda hryssunnar grunaði, að ákærði hefði tekið hana og fór með hreppstjóran þangað sem hún var og aðgætti hana. Hafði ákærði taglskellt hryssuna og eptir brúkunina var hún fleiðruð undan keðju, eynd í herðum og bólgin um kjálkana. Krafðist eigandi hryssunnar þess síðan, að sakamál væri höfðað gegn ákærða.

Ákærði hefur stöðugt borið, að hann hafi eigi ætlað að kasta eign sinni á hryssuna, heldur að eins nota hana um tíma, ísínar þarfir og skila henni svo; og þeim framburði hans er eigi hnekkt. Ákærði hefur skýrt svo frá, og það styrkist af vitnisburðum, sem fram eru komnir í málinu, að hann hafi um það leyti, er hann drýgði ádurtjéð afbrot sitt, verið þjáður af svefn-

leysi og andvökum, og verið mjög óróf og óstöðugur í geðsmunum, ýmist ofsakátur eða með döpru bragði, og hefur hlutadeigandi hjeradslæknir, sem reyndar eigi gafst kostur á að athuga sálarástand ákærða um það leyti, er afbrotið var framið, talið allsennilegt eptir hinum framkomnu vitnisburðum, að maðurinn hafi verið geðveikur þegar hann framdi afbrotið.

Ákærði er kominn langt yfir lögaldur sakamanna, og hefur honum verið þrívægis refsað áður: 1. samkvæmt aukarjettardómi Húnavatnssýslu 23. jan. 1861 með 20 vandarhöggum fyrir þjófnað; 2. samkvæmt yfirjettardómi 5. jan 1874 með 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð fyrir þjófnað og fyrir heimildarlausu töku og brúkun á annara brossum; 3. samkvæmt aukarjettardómi Húnavatnssýslu 11. apríl 1882 með 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð fyrir þjófnað.

Refsing sú, sem ákærði hefur til unnið í þessu máli, er af undirdómaranum rjettilega ákveðin eptir 238. gr. hegningarlagaanna, og þykir með hliðsjón af 40. gr. þeirra hæfilega metin af honum 20 kr. sekt til landssjóðs, er afplánist með 6 daga einföldu fangelsi, ef sektin er eigi greidd í tæka tíð. Yfirdómurinn fellst einnig á málskostnaðarákvæði aukarjettardómsins, og ákvæði hans um skaðabætur, og ber því að staðfesta hann í öllum greinum. Ákærða ber einnig að greiða kostnað allan af áfrýjun málsins, þar með talin hæfileg málsfærslulaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors. Rekstur málsins í hjeradi hefur verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði aukarjettardómur á óraskaður að

standa. Ákærði greiði allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málfærslulaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Guðlaugs Guðmundssonar og Páls Briem, 10 kr. til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, undir aðför að lögum.

Nr. 5/1890.

Rjettvísun

gegn

Guðrúnu Guðmundsdóttur.

D ó m u r :

Með dómi aukarjettar Vestmannaeyjasýslu, gengnum 23. jan.mán. þ. á., var hin ákærða Guðrún Guðmundsdóttir dæmd fyrir einfaldan þjófnað, framinn í fyrsta sinn, til að sæta fangelsi við vatn og brauð í 2×5 daga, svo og til að greiða allan kostnað af málinu. Þessum dómi hefur að beiðni hinnar ákærðu verið áfrýjað til landsyfirdómsins.

Það er löglega sannað í málinu með eigin játningu hinnar ákærðu og öðrum skýrslum, að hún í haust er leið tók ófrjálstri hendi frá húsbændum sínum þá muni er nú skal greina: 3 ósoðna saltkjötsbita, 1 ósoðinn lundabagga, 1 blóðmörsiður, 2 pd. af hveiti, dálítið af grænsápu, nokkrar agnir af soda, ullarlagð, svo sem í eina kembu, ullarband svo sem 2var eða 3var í hespubrot, 1 sneið af brauði yfir um brauðið, 3 jarðepli, 3 hvítasykursmola, nokkrar dúkþjötur, 1 hnefa af kaffi, $\frac{1}{2}$ —1 pd. af smjöri, og gulsápustykki tæpt $\frac{1}{4}$ pd.